

## Níu mánaða uppgjör

### Fjármunamyndun í sögulegum hæðum

#### Helstu atriði árs hlutareiknings

- Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði nam 153,9 milljónum USD (20,0 mö.kr.), en var 92,4 milljónir USD á sama tímabili árið áður og hækkar því um 66,6%.<sup>1</sup>
- Hagnaður tímabilsins var 102,6 milljónir USD (13,3 ma.kr.), en var 61,2 milljónir USD á sama tímabili árið áður.
- Rekstrartekjur námu 396,9 milljónum USD (51,6 ma.kr.) og hækka um 69,0 milljónir USD (21,0%) frá sama tímabili árið áður.
- Nettó skuldir lækkuðu um 138,4 milljónir USD (18,0 ma.kr.) frá áramótum og voru í lok september 1.537,4 milljónir USD (199,9 ma.kr.).
- Handbært fé frá rekstri nam 239,1 milljón USD (31,1 mö.kr.), sem er 40,8% hækkun frá sama tímabili árið áður.

#### Hörður Arnarson, forstjóri:

„Rekstrarumhverfi fyrirtækisins hélt áfram að batna á þriðja fjórðungi ársins. Hagur viðskiptavina hélt áfram að vænkast, en þeir hafa jafnt og þétt aukið raforkunotkun sína og keyra flestir á fullum afköstum, auk þess sem spurn eftir framleiðslu þeirra hefur náð fyrri styrk og er í mörgum tilvikum meiri en hún var í upphafi faraldursins. Raforkukerfi Landsvirkjunar nálgast það nú að vera fullnýtt.

Meðalálverð á tímabilinu var nærri helmingi hærra en á sama tíma árið áður, auk þess sem raforkuverð á Nord Pool markaðinum fimmfaldaðist, eftir sögulega lágt verð í fyrra. Þar sem hluti samninga okkar við stórnotendur er bundinn við þessar tvær breytur hækkuðu tekjur mikið, eða um 69 milljónir dollara miðað við sama tímabil árið 2020.


Afkoma fyrstu níu mánuðina ber þessa bata greinileg merki. Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði, sem er sá mælikvarði sem við lítum til við mat á rekstri fyrirtækisins, hækkaði um tæplega 67% frá sama tímabili árið 2020. Nettó skuldir héldu áfram að lækka og voru í lok fjórðungsins 18 milljörðum króna lægri en um síðustu áramót.

Rekstur aflstöðva gekk vel á tímabilinu. Innrennsli í miðlunarlón Landsvirkjunar á Suðurlandi var þó með minnsta móti í sumar. Sem fyrr var mikill kraftur í nýsköpunarstarfi í tengslum við fyrirtækið víðs vegar um land, til að mynda undirbúningi að rafeldsneytisframleiðslu, sem getur orðið lykilþáttur í því að gera þjóðina óháða jarðefnaeldsneyti, en vinnsla Landsvirkjunar á endurnýjanlegri orku er sem fyrr mikilvægt framlag til loftslagsmála.“

<sup>1</sup> Til viðmiðunar eru sýndar íslenskar krónur, notast var við gengi USD/ISK 130


## Rekstur

### Þróun rekstrartekna




Rekstrartekjur hækka um 34 m. USD á þriðja ársfjórðungi miðað við sama fjórðung á síðasta ári. Á fyrstu níu mánuðum ársins er hækkunin 69 m. USD. Þessi hækkun skýrist að mestu leyti af hækkunum á alþjóðlegum hrávöru- og orkumörkuðum, þar sem hluti af raforkusamningum er tengdur ál- og Nord Pool-verðum.

### EBITDA og EBITDA hlutfall




Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA, nam 103 m. USD á þriðja ársfjórðungi og 299 m. USD á fyrstu níu mánuðum ársins. Þessi hækkun er í takti við jákvæða þróun rekstrartekna.

### Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði



Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði er sá mælikvarði sem Landsvirkjun horfir til við mat á grunnrekstri fyrirtækisins. Hagnaðurinn nam 154 m. USD á fyrstu níu mánuðum ársins og hefur aldrei verið jafn mikill á þessu tímabili í sögu Landsvirkjunar.


### Áhrifaþættir á hagnað fyrir óinnleysta fjármagnsliði – 9M 2021




### Sterk fjármunamyndun

Fjármunamyndun fyrirtækisins (handbært fé frá rekstri) var um 239 m. USD á fyrstu níu mánuðum ársins, sem er 69 m. USD hærra en á sama tímabili árið áður og er sögulegt met fyrir Landsvirkjun. Nettó skuldir (vaxtaberandi skuldir að frádrögnum handbæru fé fyrirtækisins) lækkuðu um 138 m. USD frá áramótum.

## Nettó skuldir og eiginfjárhlutfall



Handbært fé nam 149 m. USD í lok þriðja ársfjórðungs, sem er um 57 m. USD hækkun frá árslokum 2020. Nettó skuldir / EBITDA er nú 3,94x og hefur lækkað mikið á liðnum árum.



## Horfur í rekstri

Viðsnúningur hefur orðið á rekstri Landsvirkjunar í ár eftir erfitt efnahagsástand sem fylgt hefur COVID-19 faraldrinum. Alþjóðlegir hrávöru- og orkumarkaðir hafa hækkað mikið á þessu ári og mun afkoma Landsvirkjunar halda áfram að ráðast of þróun þeirra og eftirspurn viðskiptavina.

Reykjavík, 19. nóvember 2021

Nánari upplýsingar veitir:

Rafnar Lárusson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs  
s. 515 9000

## Um árs hlutareikninginn

Árs hlutareikningur Landsvirkjunar er gerður samkvæmt alþjóðlegum reiknings skilastöðlum (IFRS) og er hann í Bandaríkjadöllum sem er starfrækslugjaldmiðill móðurfélagsins.

## Helstu stærðir árs hlutareiknings í þúsundum Bandaríkjadala:

	<b>2021</b>	<b>2020</b>	<b>2019</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>
	<b>1.1.-30.9.</b>	<b>1.1.-30.9.</b>	<b>1.1.-30.9.</b>	<b>1.1.-30.9.</b>	<b>1.1.-30.9.</b>
<b>Rekstur</b>					
Rekstrartekjur .....	430.504	323.055	365.493	403.800	351.691
Innleystar áhættuvarnir .....	( 33.592)	4.906	6.956	( 4.983)	( 4.361)
<b>Rekstrartekjur samtals .....</b>	<b>396.912</b>	<b>327.961</b>	<b>372.449</b>	<b>398.817</b>	<b>347.330</b>
Rekstrar- og viðhaldskostnaður .....	( 97.609)	( 92.403)	( 89.737)	( 107.125)	( 97.762)
<b>EBITDA .....</b>	<b>299.303</b>	<b>235.558</b>	<b>282.712</b>	<b>291.692</b>	<b>249.568</b>
Afskriftir og virðisryrnun .....	( 103.891)	( 95.764)	( 100.800)	( 93.114)	( 87.070)
<b>Rekstrarhagnaður (EBIT) .....</b>	<b>195.412</b>	<b>139.794</b>	<b>181.912</b>	<b>198.578</b>	<b>162.498</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	( 41.466)	( 47.392)	( 52.852)	( 65.134)	( 47.664)
<b>Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði .....</b>	<b>153.946</b>	<b>92.402</b>	<b>129.060</b>	<b>133.444</b>	<b>114.834</b>
<b>Óinnleystir fjármagnsliðir:</b>					
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða .....	49.242	( 6.384)	( 7.780)	( 32.762)	66.194
Gangvirðisbreytingar annarra afleiða .....	( 58.987)	( 4.541)	( 3.046)	17.573	( 8.919)
Óinnleystur gjaldeyrismunur .....	9.365	7.711	16.494	14.623	( 56.091)
	( 380)	( 3.214)	5.668	( 566)	1.184
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt .....</b>	<b>153.566</b>	<b>89.188</b>	<b>134.728</b>	<b>132.878</b>	<b>116.018</b>
Tekjuskattur .....	( 51.014)	( 27.996)	( 44.579)	( 43.601)	( 37.489)
<b>Hagnaður .....</b>	<b>102.552</b>	<b>61.192</b>	<b>90.149</b>	<b>89.277</b>	<b>78.529</b>
<b>Efnahagur</b>	<b>30.9.2021</b>	<b>30.9.2020</b>	<b>30.9.2019</b>	<b>30.9.2018</b>	<b>30.9.2017</b>
Eignir samtals .....	4.453.863	4.336.657	4.336.760	4.445.981	4.441.672
Eigið fé samtals .....	2.281.433	2.217.323	2.211.197	2.132.829	2.034.201
Skuldir samtals .....	2.172.430	2.119.334	2.125.563	2.313.152	2.407.471
Nettó skuldir .....	1.537.433	1.634.720	1.712.848	1.940.009	2.038.246
<b>Lykiltölur</b>					
Handbært fé frá rekstri .....	239.064	169.828	222.407	222.693	200.432
Fjárfestingar .....	( 86.035)	( 74.958)	( 57.202)	( 126.863)	( 188.691)
Fjármögnun .....	( 96.392)	( 102.884)	( 201.102)	( 131.696)	( 47.660)
Lausafé alls .....	338.821	451.063	375.969	453.359	491.395
Eiginfjárlutfall .....	51,2%	51,1%	51,0%	48,0%	45,8%
Arðsemi eiginfjár .....	5,4%	3,9%	5,7%	5,8%	5,0%
Vaxtaþekja (EBITDA/nettó vaxtagjöld) .....	7,18x	5,48x	5,39x	4,88x	5,43x
Nettó skuldir / EBITDA .....	3,94x	4,93x	4,50x	5,00x	6,26x

## Um Landsvirkjun

Landsvirkjun var stofnuð árið 1965 og er orkufyrirtæki í eigu íslensku þjóðarinnar. Hlutverk Landsvirkjunar er að hámarka verðmæti þeirra endurnýjanlegu orkulinda sem fyrirtækinu er trúað fyrir, með sjálfbærni og hagkvæmni að leiðarljósi. Framtíðarsýn Landsvirkjunar er sjálfbær heimur, knúinn endurnýjanlegri orku. Fyrirtækið vinnur um 70% allrar raforku á Íslandi úr endurnýjanlegum orkugjöfum, vatnsafla, jarðvarma og vindi. Um leið er fyrirtækið leiðandi í sjálfbærri nýtingu orkugjafa og stuðlar að aukinni þekkingu, nýsköpun og tækniþróun.